Sþ. **120. Tillaga til þingsályktunar** [108. mál]

um ítarlega athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga.

Flm.: Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ítarlega athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga á hinum ýmsu markaðssvæðum fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir og á fyrirkomulagi styrkja og aðstoðar við sjávarútveg helstu samkeppnisþjóða okkar.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur útflutningur okkar á sjávarafurðum mætt harðnandi samkeppni á mikilvægustu mörkuðum.

Framboð á fiski og öðrum sjávarafurðum hefur vaxið í skjóli aukinnar verndarstefnu flestra þjóða í formi beinna og óbeinna opinberra styrkja við sjávarútveg viðkomandi þjóða.

Þessi styrkjastefna öflugra iðnaðarríkja við sjávarútveg, sem er í flestum tilvikum minni háttar atvinnugrein hjá viðkomandi þjóðum, er farin að valda okkur Íslendingum verulegum vandræðum og mun í framtíðinni væntanlega valda alvarlegum búsifjum og versnandi lífskjörum, ef ekki verður rétt við brugðist.